

**Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna Alþingiskosninga
laugardaginn 29. október 2016**

Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi vestra

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst á skrifstofum embættisins frá og með 21. sept. 2016, sem hér segir:

Blönduósi, aðalskrifstofu, Hnjúkabyggð 33, Blönduósi, virka daga,
kl. 10:00 til kl. 15:00

Sauðárkróki, sýsluskifstofu, Suðurgötu 1, Sauðárkróki, virka daga,
kl. 10:00 til kl. 15:00

Á öðrum stöðum fer utankjörfundaratkvæðagreiðsla fram sem hér segir í samráði við viðkomandi hreppsstjóra:

Hvammstanga, hjá Guðrúnu Ragnarsdóttur, skipuðum
hreppsstjóra, s-893-7700:

Skrifstofu sveitarfélagsins Húnaþingi vestra, Hvammstangabraut 5,
530 Hvammstanga

Bakkatúni 2, 530 Hvammstanga

Sveitarfélaginu Skagaströnd, hjá Lárusi Ægi Guðmundssyni,
skipuðum hreppsstjóra, s-864-7444:

Einbúastíg 2, 545 Skagaströnd

Hólabraut 24, 545 Skagaströnd

Sveitarfélaginu Skagafirði, hjá Ásdísi Garðarsdóttur, skipuðum
hreppsstjóra, s- 848-8 328

Kirkjugötu 19, 565 Hofsósi

Grunnskólanum að Hólum í Hjaltadal.

Fimmtudagana 20. og 27. október nk. verður opið til kl. 19:00 í aðalskrifstofunni á Blönduósi og sýsluskifstofunni á Sauðárkróki.

Á kjördag verða aðalskrifstofan á Blönduósi og sýsluskifstofan á Sauðárkróki opnar frá kl. 16:00 til 18:00.

Ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skal hafa borist sýslumanni á sérstöku eyðublaði eigi síðar en þriðjudaginn 25. október 2016.

Það skal tekið sérstaklega fram að hægt er að kjósa utan kjörfundar hjá öllum sýslumannsembættum landsins.

Blönduósi, 28. sept. 2016

Bjarni Stefánsson, sýslumaður

Eldri borgarar.

Haustfundur Félags eldri borgara Húnaþingi vestra,
verður haldinn í Nestúni,

föstudaginn 14. október, 2016, kl. 16.00.

Nýir félagar velkomnir.

Félag eldri borgara.

Sjónaukinn

40. tbl 31. árg
5.- 11. okt 2016

Útg. Umf. Kormákur
Abm: Hörður Gylfason



Netfang: sjonaukinn@simnet.is Uppl. í síma 8482017

Styrktar - fatamarkaður Rauða krossins á Hvammstanga.

Laugardaginn 8. október n.k klukkan 11:00 – 17:00 verður Rauði krossinn í Húnavatnssýslum með fatamarkað í dreifnámsstofunni í kjallara félagsheimilisins á Hvammstanga. Allur ágóði markaðsins mun renna óskiptur til Malgorzata Lont sem missti manninn sinn skyndilega nokkrum vikum fyrir fæðingu þeirra fyrsta barns.

Endilega komið og gerið góð kaup og styrkið gott málefni í leiðinni.

Rauði Kross Íslands



Rauði krossinn

Kiwanis lykillinn

Frá þriðjudegi til fimmtudags munu leikmenn meistaraflokks Kormáksk í körfubolta karla ganga í hús á Hvammstanga og selja Kiwanis lykilinn. Hann kostar 2000 krónur. Í ár vilja Kiwanisfélagar beina kröftum sínum að tveimur mállefnum. Annars vegar hyggjast þeir styrkja BUGL, Barna- og unglingageðdeild Landspítala Íslands, enda brýnt að sinna vel þeim börnum og ungmennum sem glíma við geðraskanir.

Hins vegar er sjónum beint að nýjum samtökun, PIETA Ísland, sem bjóða úrræði fyrir einstaklinga í sjálfsvígshugleiðingum og þá sem stundasjálfskaða.

Gildi forvarna á þessum vettvangi er ómetanlegt.

Við skulum hjálpa þeim sem þurfa aðstoð í erfiðleikum sínum og veikindum.

Meistaraflokkur karla í körfubolta



Húnaþing vestra
Hvammstanga braut 5, 530 Hvammstangi
Sími 455-2400 Fax 455-2409
www.hunathing.is

SVEITARSTJÓRNARFUNDUR.

274. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra verður haldinn fimmtudaginn 13. október 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Upplýsingar um dagskrá fundarins er að finna á heimasíðu Húnaþings vestra www.hunathing.is a.m.k. tveimur dögum fyrir fund.

**Hvammstangi 3. október
2016**
Guðný Hrund Karlsdóttir
sveitarstjóri

Nú er líka opið á laugardögum

Kynntu þér nýjan og lengri opnunartíma
Vínbúðarinnar á Hvammstanga.

NÝR OPNUNARTÍMI

mán - fim	16-18
fös	13-19
lau	12-14

Hvammstangakirkja

Messa og sunnudagaskóli

Messa verður haldin nk. sunnudag 9. október kl. 11.00.

Messuhópur dagsins er starfsfólk Grunnskóla

Húnaþings vestra og tekur það þátt í messunni og býður
upp á súpu og brauð að messu lokinni.

Sr. Magnús Magnússon sóknarprestur og Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri
flytja samræðupréðikun um samskipti kirkju og skóla.

Sunnudagaskóli Hvammstangakirkju verður haldinn sama dag 9. október kl.
13.00.

Söngur, gleði, sögur, leikir.

Allir velkomnir

Sóknarprestur

Frá Kirkjukór Hvammstanga

Kirkjukórsæfingar hófust í byrjun september og eru á mánudagskvöldum kl.
20.00 í Hvammstangakirkju. Nýjir félagar velkomnir í hópinn – annað hvort
að mæta á æfingar eða hafa samband við Pálínu Fanneyju Skúladóttur
kórstjóra og organista í s. 867-7159. Kórin stefnir til Noregs næsta vor og
fer hluti vetrarstarfsins í undirbúning fyrir þá ferð.

Kórstjóri og kórstjórn



Fundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar hjá félaginu Grettistak ses,
þriðjudaginn 18. október kl. 17:00 og verður fundurinn haldinn í
fundarsal Ráðhússins. Fyrir liggja venjuleg aðalfundarstörf.
Á sama fundi verða einnig haldnir aðalfundir tengdra félaga,
Grettiseigna ehf. og Grettisbóls ehf.
Stjórnin.

Styrktarsjóður USVH

Ungmennasamband Vestur Húnavtinga auglýsir eftir umsóknum vegna
seinni úthlutunar úr Styrktarsjóði USVH 2016.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins má finna á heimasíðu USVH
www.usvh.is. Umsóknir og önnur gögn skulu berast fyrir mánudaginn 31.
október n.k. á skrifstofu USVH,

Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga eða á usvh@usvh.is.

Stjórn USVH